

## Aðventufundur fulltrúaráðs STEFs 14. desember 2023

### Fundargerð

Fimmtudaginn 14. desember 2023 var haldinn aðventufundur fulltrúaráðs STEFs að Laufásvegi 40. Til hans var boðað í samræmi við samþykktir STEFs með fundarboði sem sent var út með tölvupósti þann 22. nóvember og var svo minnt á hann aftur í tívigang.

Mættir voru: Sigurður Flosason, Samúel Jón Samúelsson, Pétur S. Jónsson, Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Bragi Valdimar Skúlason, Áskell Másson, Andri Þór Jónsson, Eyþór Gunnarsson, Óttarr Proppé, Magnús Jóhann Ragnarsson, Snorri Helgason, Margrét Rán Magnúsdóttir, Logi Pedro Stefánsson og Ragna Kjartansdóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Eygló Höskuldsdóttir Viborg og Þuríður Jónsdóttir.

Að auki sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, setti fundinn, gerði grein fyrir fundarboðun og stýrði fundi.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

1. *Erik Braatas* frá *Polaris Hub* birtist á skjá og kynnti miðstöðina, sem annast samningagerð við alþjóðlegar tónlistarveitur f.h. STEFs og systursamtök STEFs í Danmörku, Noregi og Finnlandi. Ætlunin var að hann, auk Lindu Collin, væru viðstödd fundinn, en vegna vinnustöðvunar flugumferðarstjóra var flug þeirra fellt niður og því flutti Erik kynninguna í gegnum fjarfundarbúnað.

Í máli Erik kom m.a. fram að tekjur af streymisveitum til STEFs eru nokkuð stöðugar. Um 72% tekna koma frá *Spotify*, en *YouTube* á 12% af heild. Á árinu hefur *Polaris Hub* innheimt (tímabilið janúar til október) sem nemur 93 milljónum ísl. króna.

Fór Erik yfir stöðu þeirra samningaviðræðna sem í gangi eru núna, einna helst við *YouTube*, *Meta* og *TikTok*. Viðræðurnar við *TikTok* eru að sögn erfiðar, þar sem fyrirtækið vill ekki sýna gögn sem þeim ber að sýna skv. lögum og þá sérstaklega hvaða tekjur fyrirtækið hefur af starfsemi sinni, sem er grundvöllur þess að hægt sé að gera samning sem byggir á hlutfalli af tekjum. Hugsanlegt er að ekki náist samningur, sem myndi þýða að verk frá *Polaris Hub* sem tilheyra tilheyrandi samtökum verði ekki í boði á miðlinum.

Nokkuð var rætt um *Spotify* og hlutdeild íslenskrar tónlistar á Íslandi. Erik sagði að *Polaris Hub* myndi funda fljótlega með *Spotify* og fulltrúum allra aðildarfélaganna. Þá var Erik spurður um tekjur af *YouTube*. Sagði hann að enginn væri ánægður með samninga við fyrirtækið og ætti það ekki bara við um STEF. Í raun væri notkun tónlistar á *YouTube* 30% af heildarstreymi á tónlist, en það gefur einungis um 12% af tekjunum.

Þá var Erik spurður nánar um samningssvæði *Spotify*. Sagði hann að það væri markmið *Polaris Hub* að ná samningi við *Spotify* um heiminn í heild og þá staðfesti hann að líklega væru samningar veitunnar sambærilegir um allan heim hvað varðar hlutfall af tekjum á

heimasvæði (sem í tilviki *Polaris Hub* eru Noregur, Danmörk, Finnland og Ísland). Þá bætti Erik því við, að nú væri verið að skoða ákveðið samstarf við APRA í Ástralíu varðandi innheimtu af streymisveitum í Asíu, en á þeim markaði hefur APRA náð góðum samningum.

2. Framkvæmdastjóri bauð næst upp á stutt lit yfir helstu mál ársins og hvað framundan er í starfi STEFs. Nefndi hún sérstaklega eftirfarandi mál:

- Gervigreind
- Tvísköttun höfunda
- Nýr samningur við RÚV og ný verðskrá fyrir hljóðvarp og sjónvarp
- Nýr samningur við Spotify
- Innheimta hjá dansskólum
- Innheimta hjá trú- og lífsskoðunarfélögum
- Vörumerkjavitund
- Verðlaun til viðskiptavinar

Þá var gerð grein fyrir úthlutunum ársins og eftirfarandi talnaupplýsingar m.a. birtar:

ÚTHLUTANIR:	2023	2022	BREYTING
Aðalúthlutun (þ.m.t. 121,5 m miðsumars)	271.277.210	238.149.071	13,91%
NCB/NMP: Útg. & tónlistarveitur (4 úthl.)	97.623.154	76.648.636	27,36%
Tónleikar (2 úthl.)	31.387.169	22.154.343	41,68%
Flutningur erlendis (4 úthl.)	217.539.181	89.925.774	141,91%
Samtals:	<b>617.826.714</b>	<b>426.877.824</b>	44,73%
Úthlutað til erlendra rétthafa	191.068.492	164.120.530	16,42%
Alls úthlutað á árinu:	<b>808.895.206</b>	<b>590.998.354</b>	36,87%

ÝMIS TÖLFRÆÐI:	2023	2022	BREYTING
Fjöldi verka með flutningspunkta á árinu	15.780	22.496	-29,85%
Fjöldi verka með flutningspunkta í aðalúthlutun	14.157	15.828	-10,56%
Fjöldi rétthafa með greiðslu	3.863	3.975	-2,82%
Fjöldi verka á skrá	116.196	109.264	6,34%
Fjöldi rétthafa með aðildarsamning	6.105	5.790	5,44%
Fjöldi nýrra aðildasamninga	382	233	63,95%
Fjöldi nýskráðra höfunda á árinu	714	633	12,80%
Fjöldi höfunda á skrá	9.871	9.156	7,81%

STYRKIR ÚR SJÓÐUM Á ÁRINU:	2023	2022	BREYTING
Ferðasjóður *	3.035.000	3.655.000	-16,96%
Upptökusjóður	11.700.000	10.350.000	13,04%
Nótnasjóður	8.995.000	7.244.000	24,17%
Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2	5.900.000	5.700.000	3,51%
Stórverkasjóður	4.100.000		
<b>Samtals</b>	<b>33.730.000</b>	<b>26.949.000</b>	<b>25,16%</b>

\* Tónskáldasjóður RÚV & STEFs er í vistun RÚV og ekki liggja fyrir upplýsingar um úthlutun úr honum á árinu.  
 \* Tónskáldasjóður Þjóðkirkjunnar & STEFs er í vistun kirkjunnar og ekki liggja fyrir upplýsingar um úthlutun úr honum á árinu.

Formaður stjórnar STEFs, *Bragi Valdimar Skúlason*, sagði næst nokkur orð um úthlutanir ársins og tengd málefni. Þakkaði hann sérstaklega starfsfólki STEFs fyrir góðan árangur á árinu sem er að líða. Minntist hann sérstaklega á tekjur af bakgrunnstónlist, sem eru alls ekki sjálfsagðar, en „tónlistarbankar“ hafa gleypst stóran hluta af þeim tekjum í flestum nágrannalöndum okkar. Taldi hann að við mættum þakka fyrir að hafa ennþá þennan markað hér á landi. Í því sambandi skipta máli þau innlendu fyrirtæki sem eru að velja tónlist fyrir verslanir o.fl. sem nota tónlist í bakgrunni.

Þá vakti Bragi athygli á því að það væri óþolandi hvað við höfum lítið um streymisveitur sem eiga markaðinn hér á landi að segja og hvaða verk birtast íslenskum notendum þeirra. Undir 20% af streymi hérlendis er streymi á íslenski tónlist. Þá þurfi stöðugt að vera á vaktinni hvað varðar hlutdeild íslenskrar tónlistar á útvarpsstöðvum.

Að lokum gerði Bragi innheimtu og úthlutun af tónleikum að umtalsefni, en ljóst er að höfundar eru almennt ekki að fá mikið úthlutað af minni tónleikum. Léleg skil eru á lagalistum og efnisskrám og því ekki einu sinni hægt að úthluta því sem innheimt hefur verið í mörgum tilvikum. Rætt var um hvar ábyrgðin lægi í því sambandi. Bragi hvatti viðstadda við að vera dugleg að tala við sitt nærumhverfi um það hversu miklu máli það skipti að skila inn lagalistum. Nefnt var hvort hægt væri að búa til gulrót fyrir tónleikahaldara að skila frekar inn lagalistum og að flytjendur séu í lykilstöðu til að skila inn lagalistum.

3. *Einar Bárðarson*, stjórnarformaður nýrrar *Tónlistarmiðstöðvar* kom og sagði frá helstu verkefnum hennar og hvað áunnist hefur frá því hún var stofnuð sl. haust.

Gerði Einar grein fyrir aðdraganda að stofnun *Tónlistarmiðstöðvar* og hvernig uppbyggingu hennar væri háttað og þá sérstaklega viðbót „Inntóns“ við hlutverk *ÚTÓN* og *Tónverkamiðstöðvar*. Einnig sagði Einar frá ráðningum, en að hluta til var um nýráðningar að ræða og að hluta til færðist fólk frá *ÚTÓN* og *Tónverkamiðstöð*.

Einar útskýrði líka þær breytingar sem verða á *Tónlistarsjóði* og *Hljóðritasjóði*, sem verið hafa í vistun hjá *Rannís*. Tveir sjóðir breytast í einn sjóð í fjórum deildum. Ljóst er að nokkur vinna verður hjá *Tónlistarmiðstöðinni* hvað varðar umsýslu með *Tónlistarsjóði*.

Þá greindi hann frá húsnæðismálum miðstöðvarinnar, sem er að flytja þessa dagana í Austurstræti 5.

#### 4. Önnur mál

- a) *Áskell Músson* hvað sér hljóðs og vildi vekja athygli á mikilvægi fjölbreytni tónlistar og grasrótar í tónlistarlífinu. Sagði hann að nauðsynlegt væri að gera grasrótinni hátt undir höfði til að hvetja til nýsköpunar. Úthlutunarreglur STEFs geti að þessu leyti haft veruleg áhrif á tónsköpun í landinu og skapað réttu hvatana. Taldi Áskell að rekstur lítilla menningarhúsa eða tónleikasala geti ekki staðið undir réttlátum greiðslum til allra höfunda og úr því yrði að bæta. Nú hafi verið fallið frá flokkunarkerfinu og eru tónskáld því að vakna upp við nýjan veruleika hvað varðar úthlutun. Nefnd sú sem hafði þetta mál til skoðunar innan STEFs kom á sínum tíma með ýmsar góðar hugmyndir, s.s. eins og sjálfsmat höfunda á verkum sínum til úthlutunar. Beindi hann því til stjórnar til að skoða þessi mál betur.

*Magnús Jóhann* bað Áskel um að útskýra mál sitt betur og svaraði Áskell því svo, að það sem litlir tónleikastaðir, sem ekki taki mjög marga í sæti, greiði í höfundaréttargjöld, ef þeir greiða einungis lágmarksgreiðslu til STEFs, þá sé einungis um 7.000 til 8.000 kr. að ræða og því ekki mikið til úthlutunar til verka sem frumflutt eru á slíkum tónleikum, verk sem hugsanlega ehfur tekið fleiri ár að semja.

*Óttarr Proppé*, sem sat í áður nefndri nefnd, tók til máls og sagði að það hefði verið almenn sátt um ákveðna leið sem nefndin lagði til á sínum tíma og þar með hafi vinnu nefndarinnar lokið.

*Bragi Valdimar* tók einnig til máls og taldi stjórn búna að skoða málið mjög vel og hefði skrifstofa STEFs m.a. reiknað út ýmsar leiðir, sem gætu leitt til hækkunar úthlutunar. Niðurstaðan hefði verið sú, að það væri erfitt að hækka álögur á litla tónleika á þessum tíma, en erfitt sé almennt að selja tónleikamiða. Þá væru reglur um greiðslur álags vegna frumflutnings hugsanlega of víðtækar, en með breytingu á þeim væri hugsanlega hægt að auka greiðslu til frumflutnings á tónleikum. Hins vegar væri aðal spurningin í þessu sambandi sú, hvaðan fjármunirnir eigi að koma sem færu til greiðslu vegna minni tónleikar eða grasrótarinnar, eins og kallað er eftir? Væri það mjög víðtæk krafa á STEF að það sama gangi yfir alla. Vert væri þó að kanna þann möguleika að taka hluta þess fjár sem innheimtist af tónleikum, en ekki koma lagalistar eða efnisskrár fyrir, og úthluta þeim á þá lagalista sem berast. Í dag er þessum fjármunum smurt á allan flutning, en hugsanlega væri hægt að láta þá renna frekar til úthlutunar fyrir tónleika.

Þá nefndi Bragi einnig að ný *Tónlistarmiðstöð* gæti orðið mikilvæg stoð til að styrkja tónleikahald í framtíðinni, en það væri mikill galli að hér á landi væru ekki til sjóðir sem hafa styrkt almennilega pantaða frumsamda tónlist, nema þá núna

Stórverkasjóður STEFs. *Magnús Jóhann* benti þá á að Sinfó hefði ekki pantað verk í fjölda ára, fyrir utan að styrkja staðartónskáld sitt.

*Pétur S. Jónsson* sagði mikilvægt að huga að því að umbótavinnu ljúki aldrei og því sjálfsagt að skoða áfram þessi mál.

*Samúel Samúelsson* sagði að mikilvægt væri að finna góðan tónleikastað og verðleggja miðaverð á þann hátt, að ljóst væri að ekki verði einungis úthlutað lágmarksgjaldi að frádræginni umsýsluþóknun fyrir tónleika.

*Þuríður Jónsdóttir* kvað sér næst hljóðs og sagði að það mikilvægt að tryggja sérkenni íslenskrar tónlistar og spurði hvort við gætum hugsanlega viðurkennt að það geti borgað sig fyrir okkur öll að borga fyrir nýsköpun.

*Eyþór Gunnarsson* sagðist þá spyrja sig hvort slík greiðsla fyrir nýsköpun ætti að fara fram í gegnum úthlutun fyrir tónleika og það væri þá einnig spurning hvort slík greiðsla ætti þá að fara á alla tónleika, eða einhverja tiltekna tegund tónleika.

*Einar Bárðarson* kom inn á þöa, að stuðningur við tónleikasali og tónleikahald væri eitt af markmiðum *Tónlistarmiðstöðvar*.

*Guðrún Björk* tók undir orð Braga og sagði mjög mikla vinnu undanfarið hjá stjórn farið í þetta mál, þ.e.a.s. úthlutanir fyrir tónleika, og sé henni ekki lokið.

- b) *Logi Pedro Stefánsson* vildi næst ræða annað ótengt mál. Benti hann á að á Top 50 listanum á Spotify hafi það gerst ítrekað, að aðilar sem ekki eru vinsælir á Íslandi sjáist þar inni. Þessir aðilar hafi klárlega keypt streymistökur sínar á Íslandi. *Andri Þór Jónsson*, sem er starfsmaður hjá *Öldu Music*, sagði að þegar þær sjái slíkt, þá sendi þeir upplýsingar um það til Spotify og það hafi hann gert u.þ.b. 12 sinnum á þessu ári. Ljóst sé að þetta athæfi hafi t.d. áhrif á hlutfall streymis íslenskrar tónlistar á Íslandi.

*Guðrún Björk* nefndi að ein af ástæðum þessa gæti verið sú, að hvert streymi á Íslandi greiði hlutfallslega meira en streymi í flestum öðrum löndum, bæði vegna magns streymis og áskriftarverðs hérlendis. Þá var einnig nefnt að hugsanlega dugi þetta til þess að algóðritmi veitunnar setji þessi verk inn á aðra lagalista, eða að þau sjáist frekar annars staðar.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Formaður sleit fundi kl. 19:30.